

**Gróður á fyrirhuguðu svæði snjóflóða-  
varnargarða á Siglufirði**

**Hörður Kristinsson og Guðmundur Guðjónsson**

Unnið fyrir Línuhönnun hf

NÍ-97012

Akureyri, nóvember 1997



## **EFNISYFIRLIT**

|   |   |
|---|---|
| 1 INNGANGUR                               | 3 |
| 2 ALMENN GRÓÐURLÝSING                     | 3 |
| 3 SJALDGÆFAR TEGUNDIR                     | 4 |
| 4 GRÓÐURKORT                              | 4 |
| 5 VERNDARGILDI                            | 6 |
| 6 ÁHRIF FRAMKVÆMDA OG TILLÖGUR TIL ÚRBÓTA | 7 |

## **SKRÁ YFIR TÖFLUR OG MYNDIR**

|          |                                   |    |
|----------|-----------------------------------|----|
| 1. tafla | Plöntuskrá                        | 8  |
| 1. mynd  | Kort af útbreiðslu bláklukkulyngs | 11 |
| 2. mynd  | Kort af útbreiðslu skollakambs    | 11 |
| 3. mynd  | Kort af útbreiðslu skollaberja    | 12 |
| 2. tafla | Gróðurkortalykill                 | 13 |

## 1 INNGANGUR

Að beiðni Línuhönnunar hf. tók Náttúrufræðistofnun Íslands að sér rannsóknir á náttúrufari í hlíðinni fyrir ofan Siglufjarðarbæ, á svæði því sem fyrirhugað er að byggja upp leiðigarða vegna snjóflóðavarna. Hörður Kristinsson og Guðmundur Guðjónsson tóku að sér vettvangskönnun á gróðri og gerð gróðurkorts af svæðinu. Plöntuathugunin fór fram 15. ágúst 1997 en gróðurkortagerðin 9. september. Allar tegundir blómplantna og byrkninga sem fundust á svæðinu voru skráðar. Í skýrslu þessari er gerð grein fyrir niðurstöðum þessarar gróðurathugana með tilliti til náttúruverndargildis. Meðfylgjandi er einnig gróðurkort af svæðinu.

## 2 ALMENN GRÓÐURLÝSING

Svæðinu sem skoðað var, var skipt upp í fjóra hluta, og verður þeim lýst hér nánar hverjum fyrir sig. Í plöntulistanum sem fylgir þessari greinargerð er vísað til þessara fjögurra svæða í dálkum 1-4.

**Svæði 1** er neðri hluti svokallaðs Strengsgilsleiðara frá 20 m upp í 80 m hæð. Þar eru víða vel grónar língresisbrekkur með þéttum marfustakksblettum mest áberandi. Innan um er mikið af túnsúru, bugðupunti, gulmöðru og skarífíflum. Annars staðar er finnugur ríkjandi með undaflum, bugðupunti og língresi. Hér og hvar eru aðalbláberjalyngstoppur og breiður af brönugrösum, en einnig er njóli víða innan um. Víða á þessu svæði eru ýmis ummerki um umrót af manna völdum, skurðir, grafningar, vegir og smáhýsi. Gróður hefur þarna orðið fyrir miklum áhrifum af nærveru þéttbýlisins. Ýmsir erlendir slæðingar eru áberandi í gróðrinum, t.d. vætudúnurt, alsíkusmári, blóðarfí og alaskalúpína. Mikið er einnig af njóla, en innan um eru ýmsar fágætari tegundir sem einkenna útnesin við Eyjafjörð, eins og hárdepla, brönugrös, hjartatvíblaðka, litunarjafni og skollaber.

**Svæði 2** er efri hluti svokallaðs Strengsgilsleiðara í 80-150 m hæð. Þar eru grasbrekkur vel grónar með língresi, finnungi, móasefi og bugðupunti. Á milli eru þar gilskorningar með þúsundblaðarós, skjaldburkna, brönugrös, hárdepla og þrílaufungi. Bollar með aðalbláberjalyngi eru hér og hvar. Athygli vakti sérlega mikil fjölbreytni í undaflum. Á þessu svæði eru einnig blettir með grjóturð inn á milli.

**Svæði 3** er botn Strengsgils og norðurbarmur þess. Á grjótkeilu niður undan Strengsgili er töluvert af aðalbláberjalyngi. Í botni Strengsgils eru mikil burknastóð með þúsundblaðarós, skjaldburkna og skollakambi. Einnig er þar töluvert af fjandafælu og ofurlítið af þrílaufungi. Skrautpundur og bláklukkulyng fundust á einum stað. Botn Strengsgils er allbreiður og flatur, og eru aðalburknastóðin í kverkunum sitt hvorum megin. Þau eru bæði neðst í gilinu, þar sem aðalframkvæmdasvæðið er, en einnig ofar. Einnig halda þau áfram suður með framhlaupsjaðrinum í áttina að Jörundarskál. Nokkuð af lúpínu er í norðurbarmi Strengsgils.

**Svæði 4** er þar sem leiðari Jörundarskálar er fyrirhugaður. Á því svæði fannst ekki skollakambur, en bæði þúsundblaðarós, skjaldburkni og þrílaufungur. Þar var

einnig nokkuð af fjandafælu, brönugrösom og hárdeplu. Á einum stað fannst þar lyngjafni, og á öðrum bláklukkulyng. Á þessu svæði er landslag allfjölbreytt, djúp gil og skorningar, mikill bratti og gróðursælar dældir. Fleiri tegundir fundust þar en á hinum svæðunum, eða alls 96.

### 3 SJALDGÆFAR TEGUNDIR

Heildarfjöldi tegunda sem skráður var á svæði leiðigarðanna við Siglufjörð reyndist vera 135. Töluverður breytileiki kom fram milli svæða, þar sem þau voru hvert um sig með frá 75 upp í 96 tegundir. Engin þeirra tegunda sem fundust er svo sjaldgæf að hún hafi komist á valista. Vitað er um eina slíka við Siglufjörð, hjartafífil, en hann kom ekki fram við könnun á þessu svæði.

Allmargar tegundir eru þó á þessu svæði, sem hafa verulega takmarkaða útbreiðslu í landinu. Af þeim eru **bláklukkulyng**, **skollakambur**, **skollaber** og **þúsundblaðarós** sjaldgæfastar. Bláklukkulyngið er aðeins til í útsveitum á Norðurlandi frá Fljótum og austur á Tjörnes, og einnig á litlu svæði nyrst á Austfjörðum (mynd 1). Skollakambur, skollaber og þúsundblaðarós eru bundin við snjóþung svæði á láglendi. Þau eru í útsveitum báðum megin við Eyjafjörð, á nokkrum svæðum á Vestfjörðum, nyrst á Austfjörðum og á litlu svæði norðan á Snæfellsnesi (mynd 2 og 3). Svipaða útbreiðslu hefur einnig **lyngjafni**. **Skrautpundur** er einnig fremur sjaldgæfur, kemur einkum fyrir á Vestfjörðum og austanverðu Norðurlandi. **Litunarjafni** og **skjaldburkni** hafa töluvert víðari útbreiðslu en eru bundnar við snjóþung svæði. Aðrar tegundir með takmarkaða útbreiðslu á landinu eru **fjandafæla**, **hjartatvíblaðka**, **brönugrös** og **ígulstör**.

### 4 GRÓÐURKORT

Gróðurgreining vegna gróðurkortsins var unnin á litmynd frá Landmælingum Íslands frá 1994 í mælikvarða 1: 4000. Meðfylgjandi gróðurkort í mælikvarða 1: 2500 var síðan teiknað á upprétt myndkort Loftmynda ehf. frá 1996. Þar sem gróðurgreiningin sem gerð var á staðnum á litmyndina nær yfir heldur stærra svæði en meðfylgjandi myndkort sýnir, miðast lýsingin við þá greiningu þó hún komi ekki að öllu leyti fram á kortinu.

Gróðurinn er greindur í gróðursamfélög eftir gróðurlykli sem notaður er við gerð gróðurkorta Náttúrufræðistofnunar í mælikvarða 1: 25000 og 1: 40000. Vegna þess hve kortið er unnið í stórum mælikvarða, reyndist nauðsynlegt í nokkrum tilvikum að flokka gróðurinn frekar en gert er á hinum hefðbundnu gróðurkortum. Auk þess eru svæði með stóðum snjóældaburkna auðkennd með fjólubláum strikum á kortinu. Nokkrir vaxtarstaðir stakra burknastóða eru einnig merktir með punktum. Þar er um að ræða þúsundblaðarós, skjaldburkna og skollakamb.

Á svæðinu eru gróðursamfélögin flokkuð í níu gróðurlendi sem síðan eru flokkuð

frekar í 21 gróðurhverfi. Hér fer á eftir stutt lýsing á þeim gróðursamfélögum sem koma fyrir á svæðinu:

### **Þurrlandi**

**Mosagróður.** Mosapamba er algeng efst í hlíðinni þar sem samfelldum gróðri sleppir. Aðallega er um að ræða gisna mosapambu með smárunnum (A4), þar sem gróðurþekjan er aðeins 10–25 %. Algengustu smárunnarnir í mosapambunni eru krækilyng, bláberjalyng og beitilyng. Talsvert finnst af öðrum bersvæðisgróðri bæði blómplöntum, grösum og seftegundum. Mosapamba er ekki ríkjandi neðar í hlíðinni nema á mjög litlum blettum (A5 og A11).

**Kvistlandi** er ríkjandi ofarlega í hlíðinni. gróðurþekja þess er tiltölulega þétt og samfelld. Mest um beitilyngsmóa (B4), þar sem beitilyng, krækilyng og bláberjalyng eru ríkjandi. Einnig er nokkuð um bláberjalyngsmóa þar sem sömu tegundir eru ríkjandi, nema í annarri röð (B7). Í þessum gróðurlendum vaxa einnig aðalbláberjalyng, ilmreyr, hærur, litunarjafni og urnull af blómplöntum.

**Graslandi** er lang algengasta gróðurlendið í hlíðinni. Það einkennist af algengum grastegundum í valllendi, en er hér skipt í gróðurhverfi eftir ríkjandi fylgitegundum. Algengast er hreint graslandi (H1), en þar eru fylgitegundir ekki áberandi. Því næst kemur graslandi með finnungi og aðalbláberjalyngi (H6) þar sem snjóþyngslin eru væntanlega mest. Graslandi með maríustakki (h8) er mjög sjaldgæft gróðurlendi á Íslandi, en það hefur hér mikla útbreiðslu neðst í hlíðinni. Sérstaklega hávaxið reyrgresi (H10) vex á mjórri, en nokkuð langri ræmu ofan við tjaldstæðin.

**Blómlandi** er ekki áberandi á svæðinu. Þótt víða séu litlir blettir með blómplöntum eru flestir þeirra ekki nógu stórir til að sjást á kortinu. Eina náttúrulega blómlandið sem kemur fram á kortinu er maríustakkur (I8) sem hefur breiðst talsvert út næst byggðinni. Lúpína (L3) hefur verið ræktuð í næsta nágrenni við vatnsgeymana og syðst við byggðina, bæði á röskuðu landi og óröskuðu.

**Ræktað land.** Að frátöldum lóðum sem tilheyra byggðinni og landi sem lúpínu hefur verið sáð í, er um að ræða ræktað tún syðst á svæðinu. Annars vegar er vel hirt graslandi á tjaldstæðinu ofan vegar eins og sést á kortinu, hins vegar eru gömul tún neðan vegar allra syðst á kortlagða svæðinu. Þetta eru gömul tún sem fallið hafa í órækt og ekki verða tekin aftur til heynytja nema þau verði endurunnin. Tún þessi eru næst fyrir sunnan votlendið (U8 og V1) og lenda utan við kortið.

**Skógrækt** er talsverð á svæðinu en stærsta skógræktarsvæðið er austan við kortið fyrir neðan vatnsgeymana. Skógræktinni er skipt í tvo flokka; skógrækt með birki (s1) og skógrækt með blönduðum trjátegundum (s2), bæði sígrænum trjám og lauftrjám.

**Lítt eða ógróið land** tekur við þar sem samfelldum gróðri sleppir. hér er um að ræða ógróið fjalllendi, mest brattar, grýttar skriður og kletta. Þar er víða að finna bersvæðis-plöntur þar sem gróðurþekja er frá 0–10 %.

**Votlendi** er mikið syðst á svæðinu. Þar er um að ræða óspillt land, jaðar, mýri og flóa sem er ákjósanlegt kjörlendi ýmissa tegunda fugla og smádyra.

**Reyrgresis- og hrossanálarjaðarinn** er hálfblautt land sem aðallega er að finna ofan vegar þar sem votlendið er þurrast.

**Gulstarmýrin** sem er blautari en jaðarinn, er nær öll neðan vegar ofan við flæðiengjarnar. Í henni er gulstörin ríkjandi, en mýrelfting og engjarós eru þar líka algengar. Aðrar starir svo sem mýrastör og vetrarkvíðastör koma þar einnig fyrir ásamt ýmiss konar blómplöntum og mosum.

**Gulstararflóinn** er blautasta grósku- og víðáttumesta gróðursamfélag votlendis á svæðinu. Ofan vegar er flóinn í nokkrum halla en næst sjónum er hann flatur og þar virðist gæta sjávarfalla

## 5 VERNDARGILDI

Gróðurinn í fjallinu ofan við Siglufjörð er mjög sérstæður á landsvísu. Sú sérstaða skapast af því, hversu snjóþungt er þar. Einkennandi að þessu leyti eru einkum þúsundblaðarós, skollakambur, skollaber og bláklukkulyng, en auk þess er þar mikið af fjandafælu, litunarjafna, skjaldburkna og lyngjafna, sem allar eru að jafnaði á snjóþungum svæðum. Skollakamburinn er óvenju þroskamikill í brekkurótum að sunnan og norðanverðu í Strengsgili, bæði á framkvæmdasvæðinu og ofan við það. Þá hefur hann teinrétt, kamblaga gróblöð upp úr blaðhvírfingunni. Á sömu slóðum eru einnig mikil stóð af þúsundblaðarós. Þúsundblaðarósin hefur víðari útbreiðslu á svæðinu en skollakamburinn. Burknastóð þessi eru einnig á nokkrum öðrum stöðum á framkvæmdasvæðinu og í næsta nágrenni þess, svo sem í gildrögum sunnan Strengsgils, og í krika undir framhlaupsjaðrinum að framanverðu.

Miðað við Eyjafjörð í heild ber gróðurinn öll einkenni útnesjanna. Auk áður nefndra tegunda má nefna til viðbótar hárdeplu, ígulstör, brönugrös, þrílaufung, skrautpung og skjaldburkna. Allar þessar tegundir finnast lítið eða ekkert í innanverðum Eyjafirði, en eru einkennandi fyrir útnesin báðum megin fjarðarins.

Ef gróðurinn er hins vegar borinn saman við önnur snjóþung láglandssvæði á landinu, þá sker hann sig ekki úr, heldur má líta á hann sem nokkuð dæmigerðan fyrir slík svæði. Þannig er sams konar gróður að finna innar í Siglufirði, m.a. í Skútudal, einnig í Hraunum í Fljótum og víða í Héðinsfirði, og a.m.k. í sumum dölum Ólafsfjarðar eins og Skeggjabrekkudal, og í Ólafsfjarðarmúla. Svipaðan gróður má einnig finna á Látraströnd, í Þorgeirsfirði og í Hvalvatnsfirði, ennfremur á litlu svæði nyrst á Austfjörðum og sums staðar á Vestfjörðum.

Þótt engin þeirra tegunda sem einkenna þetta gróðurlendi hafi verið sett á válista, hafa þessi gróðursamfélag óneitanlega nokkuð hátt verndargildi sem sýnishorn af óvenju fjölbreyttum snjóðældagróðri. Þar sem ekkert þeirra friðlanda sem þegar hafa verið sett á stofn á Íslandi geymir gróður af þessu tagi, er brýnt að hugsa til þess fremur fyrir en síðar að taka frá landsvæði með þessari gróðurgerð til friðunar.

## 6 ÁHRIF FRAMKVÆMDA OG TILLÖGUR TIL ÚRBÓTA

Óhjákvæmilega hljóta fyrirhugaðar framkvæmdir að hafa mikil áhrif á þessa snjóðældaburkna á Siglufirði. Með þeim er þó ekki verið að útrýma neinu sem ekki er til annars staðar, heldur verður umfang þessa gróðursamfélags skert, þ.e. flatarmál þess í landinu minnkað.

Hugsanlega mætti draga eitthvað úr þessum áhrifum ef framkvæmdaaðili er meðvitaður um staðsetningu þeirra. Svæði þau sem snjóðældaburknarnir eru á, eru auðkennd með fjólubláum strikum á gróðurkortinu. Æskilegt er að hlífa þeim eftir því sem kostur er í nágrenni við sjálft framkvæmdasvæðið. Einnig mætti hafa í huga við mótun landslags meðfram leiðigörðunum, að gera tilraun með að skapa aðstæður fyrir nýtt landnám þessa gróðurs í krikanum undir gördunum, en skollakambur og þúsundblaðarós vaxa nær ætíð í kröppum dældum undir bökkum með góðum jarðvegi. Stuðla mætti og að landnámi hans með flutningi og gróðursetningu þess skollakambs, sem annars verður eyðilagður við framkvæmdirnar.

## 1. tafla. Plöntuskrá

| Latneskt nafn                     | Íslenskt nafn   | 1 | 2 | 3 | 4 |
|-----------------------------------|-----------------|---|---|---|---|
| <i>Achillea millefolium</i>       | Vallhumall      | x |   |   |   |
| <i>Agrostis capillaris</i>        | Hálingresi      | x | x | x | x |
| <i>Agrostis stolonifera</i>       | Skriðlingresi   |   | x |   |   |
| <i>Agrostis vinealis</i>          | Týtulingresi    | x |   | x | x |
| <i>Alchemilla alpina</i>          | Ljónslappi      | x | x | x | x |
| <i>Alchemilla vulgaris</i>        | Mariustakkur    | x | x | x | x |
| <i>Anthoxanthum odoratum</i>      | Ilmreyr         | x | x | x | x |
| <i>Arabis alpina</i>              | Skriðnablóm     | x |   | x | x |
| <i>Athyrium distentifolium</i>    | Þúsundblaðarós  |   | x | x | x |
| <i>Bartsia alpina</i>             | Smjörgras       | x | x |   | x |
| <i>Betula pubescens</i>           | Ilmbjörk        |   | x |   | x |
| <i>Bistorta vivipara</i>          | Kornsúra        | x | x | x | x |
| <i>Blechnum spicant</i>           | Skollakambur    |   | x | x |   |
| <i>Botrychium lunaria</i>         | Tungljurt       |   |   | x |   |
| <i>Calamagrostis stricta</i>      | Hálmgresi       | x |   |   |   |
| <i>Calluna vulgaris</i>           | Beitilyng       | x | x | x | x |
| <i>Cardamine nymanii</i>          | Hrafnaklukka    |   | x |   | x |
| <i>Carex bigelowii</i>            | Stinnastör      | x | x | x | x |
| <i>Carex curta</i>                | Blátoppastör    |   | x |   |   |
| <i>Carex echinata</i>             | Ígulstör        |   | x |   | x |
| <i>Carex lachenalii</i>           | Rjúpastör       |   | x |   | x |
| <i>Carex lyngbyei</i>             | Gulstör         | x |   |   |   |
| <i>Carex nigra</i>                | Mýrastör        | x | x |   |   |
| <i>Carex rariflora</i>            | Hengistör       | x | x |   | x |
| <i>Carex vaginata</i>             | Slíðrastör      | x |   |   |   |
| <i>Cerastium alpinum</i>          | Músareyra       | x | x | x | x |
| <i>Cerastium cerastoides</i>      | Lækjafræhyrna   | x | x | x | x |
| <i>Cerastium fontanum</i>         | Vegarfi         | x | x | x | x |
| <i>Coeloglossum viride</i>        | Barnarót        | x | x | x | x |
| <i>Corallorhiza trifida</i>       | Kræklurót       |   | x |   |   |
| <i>Cornus suecica</i>             | Skollaber       | x |   |   |   |
| <i>Cystopteris fragilis</i>       | Tósfugras       |   | x | x | x |
| <i>Dactylorhiza maculata</i>      | Brönugrös       | x | x | x | x |
| <i>Deschampsia alpina</i>         | Fjallapuntur    | x | x | x | x |
| <i>Deschampsia caespitosa</i>     | Snarrótarpuntur | x | x |   |   |
| <i>Deschampsia flexuosa</i>       | Bugðupuntur     | x | x | x | x |
| <i>Diphazium alpinum</i>          | Litunarjafni    | x | x |   | x |
| <i>Draba norvegica</i>            | Hagavorblóm     |   |   |   | x |
| <i>Dryas octopetala</i>           | Holtasóley      |   |   | x | x |
| <i>Empetrum nigrum</i>            | Krækilyng       | x | x | x | x |
| <i>Epilobium alsinifolium</i>     | Lindadúnurt     | x | x | x | x |
| <i>Epilobium anagallidifolium</i> | Fjalladúnurt    |   |   | x |   |
| <i>Epilobium hornemanni</i>       | Heiðadúnurt     | x | x | x | x |
| <i>Epilobium lactiflorum</i>      | Ljósadúnurt     | x | x | x | x |
| <i>Epilobium palustre</i>         | Mýradúntur      | x |   |   |   |
| <i>Epilobium watsonii</i>         | Vætuðúnurt      | x |   |   |   |
| <i>Equisetum arvense</i>          | Klóelfting      | x | x | x | x |
| <i>Equisetum palustre</i>         | Mýrelfting      | x | x |   |   |




|                                 |                 |   |   |   |   |
|---------------------------------|-----------------|---|---|---|---|
| <i>Equisetum pratense</i>       | Vallelfting     | x | x | x | x |
| <i>Equisetum variegatum</i>     | Beitieski       | x | x |   | x |
| <i>Erigeron boreale</i>         | Jakobsfifill    | x | x | x | x |
| <i>Eriophorum angustifolium</i> | Klófifa         | x | x |   | x |
| <i>Eriophorum scheuchzeri</i>   | Hrafnafifa      |   |   | x |   |
| <i>Euphrasia frigida</i>        | Augnfró         |   |   | x | x |
| <i>Festuca richardsonii</i>     | Túnvingull      | x | x | x | x |
| <i>Festuca vivipara</i>         | Blávingull      | x | x | x | x |
| <i>Galium normanii</i>          | Hvítmaðra       | x | x | x |   |
| <i>Galium verum</i>             | Gulmaðra        | x | x | x | x |
| <i>Gentiana nivalis</i>         | Dýragras        |   |   | x | x |
| <i>Gentianella campestris</i>   | Mariuvöndur     |   |   |   | x |
| <i>Geranium sylvaticum</i>      | Blágresi        |   | x | x | x |
| <i>Gymnocarpium dryopteris</i>  | Þrilaufungur    | x | x | x |   |
| <i>Hieracium alpinum</i>        | Fellafifill     | x | x |   |   |
| <i>Hieracium anglicum</i>       | Tígulfifill     |   | x |   | x |
| <i>Hieracium aquiliforme</i>    | Arinfifill      |   | x |   |   |
| <i>Hieracium elegantiforme</i>  | Glæsififill     |   |   |   | x |
| <i>Hieracium islandicum</i>     | Íslandsfifill   | x | x |   | x |
| <i>Hierochloë odorata</i>       | Reyrgresi       |   | x | x |   |
| <i>Huperzia selago</i>          | Skollafingur    |   |   |   | x |
| <i>Juncus arcticus</i>          | Hrossanál       | x |   |   | x |
| <i>Juncus filiformis</i>        | Þráðsef         | x | x |   | x |
| <i>Juncus trifidus</i>          | Móasef          | x | x | x | x |
| <i>Kobresia myosuroides</i>     | Þursaskegg      |   |   |   | x |
| <i>Leontodon autumnale</i>      | Skarífifill     | x | x | x | x |
| <i>Listera cordata</i>          | Hjartatvíblaðka | x |   |   | x |
| <i>Loiseleuria procumbens</i>   | Sauðamergur     | x |   |   | x |
| <i>Lupinus nootkatensis</i>     | Alaskalúpína    | x |   | x |   |
| <i>Luzula multiflora</i>        | Vallhæra        | x | x | x | x |
| <i>Luzula spicata</i>           | Axhæra          | x | x | x | x |
| <i>Lycopodium annotinum</i>     | Lyngjafni       |   |   |   | x |
| <i>Milium effusum</i>           | Skrautpuntur    |   |   |   | x |
| <i>Myosotis arvensis</i>        | Gleym-mér-ei    | x | x |   |   |
| <i>Nardus stricta</i>           | Finnungur       | x | x | x | x |
| <i>Omalotheca norvegica</i>     | Fjandafæla      |   | x | x | x |
| <i>Omalotheca supina</i>        | Grámulla        | x | x | x | x |
| <i>Oxyria digyna</i>            | Ólafssúra       | x |   |   | x |
| <i>Phleum alpinum</i>           | Fjallafoxgras   | x | x | x | x |
| <i>Phleum pratense</i>          | Vallarfoxgras   | x |   |   |   |
| <i>Phyllodoce coerulea</i>      | Bláklukkulyng   |   |   | x | x |
| <i>Pinguicula vulgaris</i>      | Lyfjagras       | x | x | x | x |
| <i>Platanthera hyperborea</i>   | Friggjargras    | x | x |   | x |
| <i>Poa alpina</i>               | Fjallasveifgras | x | x | x | x |
| <i>Poa annua</i>                | Varpasveifgras  | x |   |   |   |
| <i>Poa glauca</i>               | Blásveifgras    | x | x | x | x |
| <i>Poa pratensis</i>            | Vallarsveifgras | x |   |   | x |
| <i>Polystichum lonchitis</i>    | Skjaldburkni    |   | x | x | x |
| <i>Potentilla crantzii</i>      | Gullmura        |   |   |   | x |
| <i>Potentilla palustre</i>      | Engjarós        | x |   |   |   |
| <i>Pyrola minor</i>             | Klukkublóm      |   | x |   | x |
| <i>Ranunculus acris</i>         | Brennisóley     | x | x | x | x |
| <i>Rhinanthus minor</i>         | Lokasjóður      | x | x |   | x |
| <i>Rumex acetosa</i>            | Túnsúra         | x | x | x | x |


|                                     |                     |   |   |   |   |
|-------------------------------------|---------------------|---|---|---|---|
| <i>Rumex longifolius</i>            | Njóli               | x |   |   |   |
| <i>Sagina procumbens</i>            | Skammkrækill        | x |   |   |   |
| <i>Sagina saginoides</i>            | Langkrækill         | x | x | x | x |
| <i>Salix arctica</i>                | Fjallavíðir         | x | x | x | x |
| <i>Salix borealis</i>               | Víðja *)            |   | x | x |   |
| <i>Salix herbacea</i>               | Grasvíðir           | x | x | x | x |
| <i>Salix lanata</i>                 | Loðvíðir            | x |   | x | x |
| <i>Salix phylicifolia</i>           | Gulvíðir            | x | x |   |   |
| <i>Saxifraga caespitosa</i>         | Þúfusteinbrjótur    |   |   | x |   |
| <i>Saxifraga hypnoides</i>          | Mosasteinbrjótur    | x |   | x |   |
| <i>Saxifraga oppositifolia</i>      | Vetrarblóm          |   | x |   |   |
| <i>Saxifraga stellaris</i>          | Stjörmusteinbrjótur | x | x | x | x |
| <i>Sedum acre</i>                   | Helluhnoðri         |   |   |   | x |
| <i>Selaginella selaginoides</i>     | Mosajafni           | x | x |   | x |
| <i>Sibbaldia procumbens</i>         | Fjallasmári         | x | x | x | x |
| <i>Silene acaulis</i>               | Lambagras           |   | x | x | x |
| <i>Silene maritima</i>              | Holurt              | x |   | x | x |
| <i>Sorbus aucuparia</i>             | Ilmrcynir *)        | x |   |   | x |
| <i>Taraxacum sp.</i>                | Túnfífill           | x | x | x | x |
| <i>Thalictrum alpinum</i>           | Brjóstagras         |   |   |   | x |
| <i>Thymus praecox ssp. arcticus</i> | Blóðberg            | x | x | x | x |
| <i>Tofieldia pusilla</i>            | Sýkigras            |   |   |   | x |
| <i>Trifolium hybridum</i>           | Alsikusmári         | x |   |   |   |
| <i>Trifolium repens</i>             | Hvítsmári           | x | x |   |   |
| <i>Trisetum spicatum</i>            | Lógresi             | x | x |   | x |
| <i>Vaccinium myrtillus</i>          | Aðalbláberjalyng    | x | x | x | x |
| <i>Vaccinium uliginosum</i>         | Bláberjalyng        | x | x | x | x |
| <i>Veronica alpina</i>              | Fjalladepla         | x | x | x | x |
| <i>Veronica fruticans</i>           | Steindepla          |   |   | x |   |
| <i>Veronica officinalis</i>         | Hárdepla            | x | x |   | x |
| <i>Veronica serpyllifolia</i>       | Lækjadepla          | x | x |   |   |
| <i>Viola canina</i>                 | Týsfjóra            |   |   | x | x |
| <i>Viola palustris</i>              | Mýrfjóra            | x | x | x | x |

---


\*) Smáar fræplöntur



1. mynd. Kort af útbreiðslu bláklukkulyngs.



2. mynd. Kort af útbreiðslu skollakambs.



3. mynd. Kort af útbreiðslu skollaberja.

## 2. tafla. Gróðurkortalykill

### Þurrlendi

#### Mosaþemba

|     |  |
|-----|--|
| A4  | Mosaþemba með smárunnum                |
| A5  | Mosaþemba með grösum og smárunnum      |
| A11 | Mosaþemba með smárunnum og blómplöntum |

#### Kvistlendi

|    |                                    |
|----|------------------------------------|
| B4 | Beitilyng, krækilyng, bláberjalyng |
| B7 | Bláberjalyng, krækilyng, beitilyng |

#### Graslendi

|     |   |
|-----|---|
| H1  | Graslendi                                   |
| H3  | Graslendi með smárunnum                     |
| H6  | Graslendi með finnungi og aðalbláberjalyngi |
| H7  | Graslendi með elftingu                      |
| H8  | Graslendi með mariustakk                    |
| H9  | Graslendi með mariustakk og gulvíði         |
| H10 | Hávaxið graslendi með reyrgresi             |

#### Blómlendi

|    |              |
|----|--------------|
| L3 | Lúpína       |
| L8 | Mariustakkur |

#### Ræktað land

|    |              |
|----|--------------|
| R2 | Tún, slegið  |
| R4 | Tún, í órækt |

#### Skógrækt

|    |                              |
|----|------------------------------|
| S1 | Skógrækt, birki              |
| S2 | Skógrækt, blandaðar tegundir |

### Votlendi

#### Jaðar

|   |                      |
|---|----------------------|
| T | Reyrgresi, hrossanál |
|---|----------------------|

#### Mýri

|    |                               |
|----|-------------------------------|
| U8 | Gulstör, mýrelfting, engjarós |
|----|-------------------------------|

#### Flói

|    |         |
|----|---------|
| V1 | Gulstör |
|----|---------|

### Ógróið land

|     |                   |
|-----|-------------------|
| ógr | ógróið fjalllendi |
|-----|-------------------|

### Ósamfelld gróðurþekja

|   |           |
|---|-----------|
| x | 2/3 gróið |
| z | 1/2 gróið |
| þ | 1/3 gróið |

### Grýtt land

|   |                          |
|---|--------------------------|
| b | óræktanlegt vegna grjóts |
|---|--------------------------|